

---

# STAÐARHÓLL Í DÖLUM:

HÖFUÐBÓL Í MINJUM, SÖGU OG SAGNARITUN

*SAMANTEKT UM FRAMVINDU 4. RANNSÓKNARÁRS*

---



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR (RITSTJ.)

---

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS  
REYKJAVÍK 2024  
FS982-20178



Staðarhólsrannsóknir eru styrktar af RÍM sjóðnum (Ritmenning íslenskra miðalda)

*Ljósmynd á forsíðu er úr vinnuferð hópsins í Dalina vorið 2023. Á myndinni má sjá Kristborgu Þórsdóttur segja frá helstu minjum á Sölvatanga. Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir. Auk lógóa Háskóla Íslands og Fornleifastofnunar Íslands eru á forsíðu lógó Árnastofnunar og Þjóðskjalasafns Íslands*

©2024

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES  
BRÆDRABORGARSTÍG 9  
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

# EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	6
2. SAMSTARF, MIÐLUN OG FUNDIR.....	8
3. FRAMVINDA FORNLEIFARANNSÓKNA 2023.....	12
4. FRAMVINDA ÖRNEFNAVINNU/SAGA MAP 2023.....	14
5. FRAMVINDA SAGNFRÆÐIRANNSÓKNA 2023 .....	17
6. FRAMVINDA BÓKMENNTAFRÆÐIRANNSÓKNA 2023 .....	18
7. SAMANTEKT UM HELSTA ÁVINNING ÁRSINS OG NÆSTU SKREF .....	19
LISTI YFIR ÞÁTTTAKENDUR .....	21
LISTI YFIR ÚTGÁFU Í TENGLUM VIÐ VERKEFNIÐ .....	23

## Samantekt

Í skýrslunni er fjallað um framvindu verkefnisins *Staðarhóll í Dölum: Höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun* árið 2023 en verkefnið hefur hlotið styrki úr rannsóknarsjóði RÍM (Ritmenning íslenskra miðalda) árin 2020-23. Rannsóknarhópurinn að baki Staðarhólsrannsóknum samanstendur af fræðimönnum frá Fornleifastofnun Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðskjalasafni Íslands og frá sagnfræði-, bókmenntafræði- og líf- og umhverfisvísindadeildum Háskóla Íslands. Markmið Staðarhólsrannsókna er að efla rannsóknir á verkum Sturlu Þórðarsonar og auka skilning á sögu og eðli jarðarinnar Staðarhóls þar sem hann bjó og starfaði um áratuga skeið. Tilgangur þeirra er að auka skilning á því umhverfi sem Sturla og verk hans eru sprottin úr og miðla þeirri þekkingu til fræðimanna og almennings.

Styrk til 4. rannsóknarárs var úthlutað í maílok 2023. Áhersla ársins var í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar var lögð á það áhersla að ljúka úrvinnslu þeirra verkefna en enn var ólokið, þar með talið fornleifarannsóknna, gerð örnefnalags fyrir SagaMap og að ljúka nemaverkefnum. Hin aðaláhersla ársins var á útgáfu og miðlun.

Á árinu var lokið við meistaraþrófsritgerð í íslenskum bókmenntum. Hún fjallar um Sturlu Þórðarson og samsetningu Sturlungu og hvernig hlutverk höfunda, sagnaritara og ritstjóra var háttað á miðöldum í ljósi Sturlungu. Einnig komu út tvær veglegar skýrslur um fornleifarannsóknir á Staðarhóli og í Fagurey. Að auki var rituð grein um rannsóknirnar í Fagurey sem birtast mun í *Árbók hins íslenska fornleifafélags* nú í ársbyrjun 2024 og lokið var við gerð örnefnakorts úr Sturlungu í Sagamap. Á árinu var haldið áfram undirbúningi að útgáfu Resensbókar sem er nú langt komin og þróuð hugmynd að þverfaglegri fræðabók um Staðarhólsrannsóknir sem Sverrir Jakobsson ritstýrir. Er nú unnið að ritun bókarinnar sem hefur hlotið nafnið *Staðarhóll: Cultural Pursuits on an Icelandic Pre-Modern Manor* og hefur verið samþykkt til útgáfu af fræðiritauðgáfunni Brepols, innan ritraðarinnar *The Medieval Countryside*.

## Efnisorð

Staðarhóll, Fagurey, Sturla Þórðarson, Saurbær, Dalir, RÍM, miðaldir, fornleifar, menningarlandslag, örnefni, sagnfræði, bókmenntafræði

## Summary

This document offers a progress report outlining the results of the fourth year of the research project *Staðarhóll in Dalir: Nature, culture and economy at an Icelandic church centre*. The project is funded by RÍM (LCMI – Literary Culture in Medieval Iceland), a research grant established to celebrate 75 years of Iceland's independence. The project is multidisciplinary and is set up on a three-year plan with an additional two years focusing on publication and outreach. The research group consists of scholars from the University of Iceland, the Institute of Archaeology in Iceland, the Árni Magnússon Institute for Icelandic studies and the National Archives of Iceland. The main aim of the research is to generate and disseminate further knowledge about the work and milieu of the thirteenth-century chieftain and historian Sturla Þórðarson, who lived and worked at the farm of Staðarhóll for a large part of his life.

Various work took place in the year 2023. The focus of this fourth year was to finish ongoing research on the one hand and on the other, to prepare for publication. During the year the processing of fieldwork on Fagurey and at Staðarhóll was completed and written up in two detailed reports. The data processing of place names from Sturlunga in the area was also finished and published on the Sagamap web. Additionally, an article about Fagurey was written and will be published in the journal *Árbók hins íslenska fornleifafélags* in early 2024. Within the literary part of the research an MA dissertation on Sturla Þórðarson and his role in the Sturlusafn was submitted. Preparations also began for a cross disciplinary book about the Staðarhóll research. The volume *Staðarhóll: Cultural Pursuits on an Icelandic Pre-Modern Manor* will be published within the series *The Medieval Countryside* with Brepols with the aim of finishing a draft of the manuscript by

the end of fifth and final year of the project. Finally, work on *Resens book* - one of Sturla's writings that remains unpublished in complete form – was continued and is now close to completion.

*Keywords*


Staðarhóll, Sturla Þórðarson, Saurbær, Dalir, RÍM, archaeology, cultural landscape, place names, historical studies, Medieval literature

# 1. Inngangur

Þann 21. maí 2020 var styrkjum úr sjóðnum RÍM (Ritmenning íslenskra miðalda) úthlutað í fyrsta sinn. Meginmarkmið sjóðsins er að efla rannsóknir á sviði fornleifafraeði, sagnfraeði, textafræði og bókmenntafræði sem tengjast þeim stöðum þar sem ritmenning blómstraði á Íslandi á miðöldum. Tilfnið var að liðin voru 75 ár frá stofnun lýðveldis á Íslandi.<sup>1</sup>

Verkefnið *Staðarhóll: Höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun* var lagt upp til fimm ára og hefur nú hlotið styrki úr sjóðnum í fjögur ár. Rannsóknin er þverfagleg og samanstendur hópurinn að baki umsókninni af fræðimönnum frá Fornleifastofnun Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðskjalasafni Íslands og frá sagnfræði-, bókmenntafræði- og líf- og umhverfisvísindadeildum Háskóla Íslands. Markmið Staðarhólsrannsókna er að efla rannsóknir á verkum Sturlu Þórðarsonar, auka skilning á því umhverfi sem hann og verkin eru sprottin úr og miðla þeirri þekkingu til fræðimanna og almennings.

Sturla Þórðarson er jafnan kenndur við Staðarhól þar sem hann bjó og starfaði um áratuga skeið. Sturla bjó þó víðar, m.a. í Fagurey á sínum efri árum. Í rannsókninni eru hugmyndafræði og



Mynd 1: Kort sem sýnir staðsetningu Fagureyjar annars vegar og Staðarhóls og nágrenni hins vegar. Uppmældar fornleifar sjást á smærri kortum af stöðunum.

<sup>1</sup> Tilkynning um sjóðinn á heimasíðu Snorrastofu, sjá: <https://www.snorrastofa.is/frettir/styrkjum-uthlutad-vegna-verkefnisins-ritmenning-islenskra-midalda-rim>

samhengi verka Sturlu könnuð ásamt því að varpa ljósi á forsendur ritmenningar á staðnum með víðtækum rannsóknum á sögu, landslagi, minjum og ritheimildum. Bæjarstæði Staðarhóls, hjáleigur, engjar og úthagar, seljalönd, ítök og auðlindir eru í forgrunni ásamt Fagurey. Í rannsóknunum er hugað að víðara samhengi landshátta, allt í þeim tilgangi að öðlast betri þekkingu á staðarvali, landsháttum og samfélagi á umræddum jörðum á miðöldum.

Í þessari skýrslu verður framvinda verkefnisins árið 2023 rakin. Styrk til verkefnisins var úthlutað í maí 2023 og nær rannsóknarárið því fram til aprílloka 2024. Á fjórða styrksári var áherslan annars vegar lögð á margvíslega miðlun og útgáfu og hins vegar á að ljúka úrvinnslu rannsókna og verkefna sem hafin voru, t.d. nemendaverkefna. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir framvindu verkefnisins á fjórða styrksári og farið yfir áætlanir um framhald Staðarhólsrannsókna á lokaári styrksins 2024-2025. Skýrslan er þannig uppbyggð að fyrst verður farið yfir samskipti rannsóknarhóps verkefnisins og miðlun (kafla 2) og því næst rakin framvinda í hverjum verkþætti rannsóknarinnar á árinu (kafla 3-6). Að lokum verða teknar saman helstu niðurstöður og greint frá næstu skrefum sem ráðgert er að taka í rannsóknunum (kafla 7).



## 2. Samstarf, fundir og miðlun

Margvíslegt samstarf var milli rannsóknaraðila á fjórða ári rannsókna og voru fundir haldnir reglulega. Verður hér gerð grein fyrir helstu fundum og samstarfi.

### *Samstarf og fundir*

Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2023 funduðu meðlimir Staðarhólshópsins nokkrum sinnum, bæði í smærri hópum og í heild til að ræða framgang rannsókna og nýja umsókn. Fyrsti formlegi fundur rannsóknarhópsins árið 2023 var haldinn 26. janúar og fleiri fylgdu í kjölfarið, m.a. 9. febrúar og 16. febrúar. Allir snerust fundirnir að mestu um yfirferð yfir þriðja rannsóknarárið og ráðagerðir um frekari rannsóknir og gerð umsóknar, framvinduskýrslu og uppgjors ársins 2023.

Um miðjan apríl 2024 fór allur hópurn saman í vinnuferð í Dalina. Þar var farið á slóðir Sturlu, Staðarhóll heimsóttur og farið á nokkra staði honum tengdum í nágrenninu. Á fundinum var athyglinni að mestu beint að skipulagi og skilgreiningu á væntanlegri bók hópsins um verkefnið og



*Mynd 2: Vinnuferð í Dali, apríl 2023. Á myndinni eru (frá vinstri): Birna Lárusdóttir, Emily Lethbridge, Kristborg Þórsdóttir, Benedikt Eyþórsson, Þórdís Edda Jóhannesdóttir, Sverrir Jakobsson, Úlfar Bragason og Elín Ósk Hreiðarsdóttir ásamt Guðrínu Öldu Gísladóttur sem krýpur fremst á mynd.*



var í ferðinni bæði unnið saman í einum hóp og smærri einingum við að leggja drög að uppbyggingu bókar.

Formleg tilkynning um styrkveitingu vegna 4. rannsóknarárs RÍM barst þann 23. maí 2023. Í kjölfarið var haldinn fundur í verkefnahópnum þann 6. júní. Á fundinum var farið yfir úthlutunina og rætt um skiptingu fjármagns, stöðu verkefna og framhald rannsókna í ljósi úthlutunar. Styrkurinn sem fékkst í ár var um 61% af umbeðinni upphæð og því þurfti að skera töluvert niður miðað við áætlun.<sup>2</sup> Á fundinum og í kjölfar hans kom hópurinn sér saman um nýja rannsóknaráætlun.

Til stóð að halda haustfund í nóvember en þar sem boðað var til ráðstefnu/vinnufundar allra styrkþega var ákveðið að nýta fundardaginn til þess að taka stöðuna. Fundurinn var haldinn 24. nóvember í Eddu, húsi íslenskra fræða við Arngrímsgötu. Þar hélt Elín Ósk Hreiðarsdóttir kynningu á framvindu Staðarhólsverkefnisins á síðustu árum og Sverrir Jakobsson ræddi um fyrirhugaða bók. Næsti fundur í verkefnahópnum var því haldinn þann 22. janúar 2024. Fundurinn var m.a. haldinn til að fara yfir framvindu rannsókna um Staðarhól og til að undirbúa gerð framvinduskýrslu og umsóknar ársins 2024. Annar fundur var haldinn mánuði síðar, þann 22. febrúar þar sem væntanleg umsókn til sjóðsins var rædd. Í febrúarmánuði voru annars talsverð samskipti í rannsóknarhópnum, bæði innan smærri verkefnahópa og í hópnum í heild og sneru þau mest að gerð framvinduskýrslu og umsóknargerð. Auk funda rannsóknarhópsins hafa þeir aðilar sem vinna saman að hverjum verkþætti fundað margoft yfir árið og fundir hafa einnig verið haldnir þvert á rannsóknarhópa, oftast vegna undirbúnings og ritunar fyrirhugaðrar bókar.

### *Miðlun*

Miðlun rannsókna var með ýmsum hætti á árinu. Áfram var haldið úti opinberri facebook-síðu fyrir rannsóknarverkefnið. Á henni er myndum og frásögnum af framgangi verksins miðlað og útgefið efni gert aðgengilegt (Facebook síða: *Staðarhóll í Dölum: Höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun* (<https://www.facebook.com/Staðarhóll-%C3%AD-D%C3%B6lum-Höfuðból-%C3%AD-minjum-sögu-og-sagnaritun-110730747382093>))

---

<sup>2</sup> Til að mæta niðurskurði var ákveðið að fella niður fornvistfræðilegar rannsóknir í Fagurey en þeim hafði í raun verið bætt við upprunalega áætlun nú í ár. Sótt er um þær rannsóknir til Fornminjasjóðs 2024. Einnig þurfti að fella niður/fresta vinnu við gerð kortasjár og vefsíðugerðar (sem ráðgerð var á árinu) en með þessu mátti halda öðrum liðum óbreyttum.

Meistaraprófsritgerð Freyju Petersen í bókmenntafræði kom út á árinu en hana vann Freyja undir leiðsögn Ármanns Jakobssonar. Í ritgerð sinni glímur Freyja við tilgátuna um að Sturla Þórðarson hafi verið ábyrgur fyrir Sturlungusafninu. Hún fer yfir nýlegar rannsóknir á þessu sviði og hugar einnig að stílfraeðilegum atriðum. Freyja skoðar meðal annars hvernig ólíkir höfundar sagnanna í Sturlungu tjá tíma og hvernig heiðið myndmál birtist í kvæðum og í ólíkum sögum. Ritgerðin er, líkt og aðrar útgefnar meistaraprófsritgerðir, í opnum aðgangi á Skemmunni (sjá hlekki í ritaskrá aftarlega í skýrslu).

Tvær skýrslur um fornleifarannsóknir litu dagsins ljós á árinu. Í maí 2023 kom út skýrsla um þær vettvangsrannsóknir sem unnar voru á Staðarhóli haustið 2022. Skýrslan fjallar um könnunarskurði sem grafnir voru í bæjarhólinn og helstu niðurstöður uppgrافتarins. Í september kom svo út skýrsla um skráningu minja og menningarlandslags í Fagurey en rafræna útgáfu af báðum skýrslum er hægt að nálgast á Facebook síðu verkefnahópsins.

Auk ofangreindra ritgerðar og skýrslna fór á fjórða rannsóknarári fram talsverð miðlun á verkefninu til fræðimanna og almennings. Sturluhátíðin 2023 var haldin 15. júlí. Hátíðin hófst á



Mynd 3: Sturluhátíð 2023. Á myndinni má sjá Guðrúnu Öldu Gísladóttur við afhjúpun söguskilta á Staðarhóli en Guðrún kynnti rannsóknir bópsins á staðnum. Myndin er fengin að láni af facebook síðu Einars K. Guðfinnssonar.

Staðarhóli þar sem fjögur ný söguskilti voru afhjúpuð og meðlimur Staðarhólshópsins, Guðrún

Alda Gísladóttir, kynnti rannsóknir hópsins á staðnum. Eftir göngu um Staðarhól var haldið að Laugum í Sælingsdal þar sem haldin voru erindi og tónlist flutt. Mæting var vonum framar og áætlað að um 200 manns hafi sótt hátíðina að þessu sinni. Sem fyrr segir var haldinn ráðstefna um RÍM verkefni í Eddu í nóvembermánuði. Ráðstefnan var opin almenningi og kynntu þá tveir meðlimir hópsins rannsóknir þær sem farið hafa fram í Staðarhólsverkefninu á síðustu árum og ráðagerðir um bókaútgáfu.

Á árinu rituðu þær Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir grein um einn anga verkefnisins: Rannsóknir í Fagurey sem kemur út í *Árbók hins íslenska fornleifafélags* snemma árs 2024. Haldið var haldið áfram undirbúningi að útgáfu Resensbókar sem er nú langt kominn og stefnt að því að vera komin með útgáfuhæft handrit í lok 5. árs.

Á árinu var hafinn undirbúningur fyrir ritun þverfaglegrar fræðibókar um Staðarhólsverkefnið. Bókin *Staðarbóll: Cultural Pursuits on an Icelandic Pre-Modern Manor* hefur verið samþykkt til útgáfu af fræðiritauútgáfunni Brepols, innan ritraðarinnar *The Medieval Countryside*. Stefnt er að því að skila handriti til útgefanda 1. mars 2025 og að bókin komi út árið 2026. Bókin er fjölhöfundaverk þar sem margir höfundar vinna saman að verkinu, fremur en greinasafn þar sem hlutur hvers og eins er rækilega aðgreindur. Fyrsti hluti ritsins er inngangur þar sem forsendur verksins eru skýrðar og staða þess innan hins stærra verkefnis, Ritmenning íslenskra miðalda. Annar hluti bókarinnar fjallar um landslag, umhverfi og minjar og er ætlunin að í þeim hluta birtist rannsóknaniðurstöður fornleifafræðinga, örnefnafræðinga og landfræðinga sem unnið hafa að verkefninu, auk þess sem greind verða tengsl Staðarhóls við stærra efnislegt, menningarlegt og pólitískt landslag við Breiðafjörð. Í þriðja hluta bókarinnar verður þróun staðarins á Staðarhóli rakin fram til um 1700, fyrst og fremst á grundvelli skjala og annarra ritheimilda, en þó í samhengi við niðurstöður annars hluta. Meðal annars verður stuðst við niðurstöður MA ritgerða, BA ritgerða og sérverkefna sem unnin hafa verið á vegum Staðarhólsverkefnisins. Í fjórða hluta verður fjallað um sagnarit og aðrar bókmenntir sem tengja má höfuðbólinu á Staðarhóli fram á 17. öld, ekki síst verk Sturlu Þórðarsonar sagnaritara. Markmiðið er að greina samspil bókmennta og rýmis, í anda þeirra markmiða sem liggja til grundvallar verkefninu Ritmenning íslenskra miðalda. Í fimmta og síðasta hluta verða niðurstöður 2.-4. hluta greindar í víðara samhengi og dregin upp mynd af umhverfi höfuðbólsins, rekstri þess og tekjum og mikilvægi þeirrar ritmenningar sem þar var stunduð.


### 3. Framvinda fornleifarannsókna 2023

*Elín Ósk Hreiðarsdóttir*

Engar nýjar vettvangsrannsóknir fóru fram í fornleifahluta Staðarhólsverkefnisins á fjórða ári verksins. Fyrri hluta ársins var unnið að úrvinnslu þeirra rannsókna sem gerðar voru árið á undan og var lokið við gerð rannsóknarskýrslu um rannsóknir á bæjarhóli Staðarhóls í maí 2023 og skýrslu um fornleifaskráningu og landsháttagreiningu í Fagurey í september sama ár.

Í fornleifahluta Staðarhólsverkefni var á árinu einnig unnið að undirbúningi að ritun áður nefndrar fræðibókar um Staðarhólsverkefnið. Hópurinn sem kemur að verkinu samanstendur af Agli Erlendssyni, Birnu Lárusdóttur, Elínu Ósk Hreiðarsdóttur, Emily Lethbridge, Guðrúnu Öldu Gísladóttur og Kristborgu Þórsdóttur. Hópurinn mun skipta með sér verkum og rita um landslag og staðhætti í Saurbæ og Dölum almennt og hvernig Staðarhóll tengist stærra efnislegu, menningarlegu og pólitísku landslagi við Breiðafjörð. Vinna við þennan kafla er hafin og stefnt að fyrsta uppkasti á vordögum 2024.

Auk ofangreindrar útgáfu rituðu þátttakendur fornleifahópsins grein fyrir *Árbók hins íslenska fornleifafélags* um rannsóknirnar í Fagurey og er áætlað að hún komi út á fyrsta ársfjórðungi 2024. Að



*Mynd 4: Skýrslurnar tvær sem gefnar voru út af fornleifafraeðibluta Staðarhólsrannsókna á 4. rannsóknarári. Þær eru báðar aðgengilegar í gegnum Facebook-síðu hópsins.*

auki tóku meðlimir hópsins virkan þátt í miðlun Staðarhólsrannsókna á árinu, bæði með færslum á facebook-síðu verkefnisins, með þátttöku í málstofu á fyrirlestri og sögugöngu á Sturluhátíð í júlí og með kynningu á verkefninu á opnum degi um RÍM rannsóknirnar í Eddu í nóvember 2023.

## 4. Framvinda örnefnavinnu/Saga map 2023

*Emily Lethbridge*

Vinna við Icelandic Saga Map (ISM) á vegum Staðarhólsverkefnisins RÍM hófst árið 2022 og var haldið áfram og lokið 2023. Aðal markmið vinnuþáttarins er að hnitsetja örnefni sem koma fyrir í Sturlunga sögu í ISM gagnagrunninum til þess að tengja texta ritverks við stafrænt kort sem sýnir helst alla sögustaði.


Zachary Melton (þáverandi doktorsnemi á íslensku- og menningardeild HÍ) var ráðinn til að vinna verkið og hann lauk við að hnitsetja og merkja flest öll örnefni (rúmlega 700 talsins) sem koma fyrir í Sturlunga sögu (Íslendinga sögu og Sturlu sögu) árið 2023. Einnig var skipt út texta úr Sturlungu útgáfu Guðbrands Vigfússonar og í hans stað notaður sá texti Sturlunga sögu sem er aðgengilegur, í opnum aðgangi á CLARIN vefnum <https://repository.clarin.is/repository/xmlui/handle/20.500.12537/32#..>

Gögnin eru nú aðgengileg (ásamt öðrum ISM gögnum) á eftirfarandi slóð: <https://sagamap.adlib.is/id/>. Hægt er að hlaða þeim niður í mismunandi skráarsniðum: json-ld, turtle og xml format.

The screenshot shows the Sagamap web interface. At the top, there is a navigation bar with 'Home', 'Vefur', 'Sagas', and 'Sturlunga - Sturlu saga'. Below this, there are several input fields for 'Composition start', 'Composition end', 'Oldest manuscript start', and 'Oldest manuscript end'. A dropdown menu for 'Saga type' is set to 'Contemporary Saga'. The main content area is titled 'Chapters' and shows a list of chapters. The first chapter is selected, showing its title '1. kafli' and a detailed text description in Icelandic. The text describes the beginning of the saga, mentioning characters like Oddason, Halbera, and the setting in Reykjavík. Below the text, there is a list of chapters 2 through 9, each with a right-pointing arrow.

Mynd 5: Skjáskot af ISM-grunninum





Mynd 6-7: Skjáskot af Sagamap vefnum

Sagamap Endpoints

ENTITIES

Manuscripts

Sagas

Individuals

Places

sagamap.adlib.is

<https://sagamap.adlib.is/id/saga/bc798ed5-48a0-4bbd-bf1b-cacb07cdc27>

Title	Sturlunga — Íslendinga saga
type	Contemporary Saga

---

**Places** mentioned in *Sturlunga — Íslendinga saga*

- [Bangárvellir](#)
- [Breiðafjarðardalur](#)
- [Höskuldsstaðir in Laxárdalur](#)
- [Laxárdalur í Dölum](#)
- [Hrútsstaðir](#)
- [Þingvellir](#)
- [Kambanes](#)
- [Hallbjarnarvörður](#)
- [Hvítá](#)
- [Vikin í Noregi](#)
- [Danmörk](#)
- [Gautland](#)
- [Norway](#)
- [Iceland](#)
- [Borgarfjörður](#)
- [Dalir](#)
- [Vestfirðir](#)
- [Laxárdalsheiði](#)
- [Holtavörðuheiði](#)
- [Hrútafjörður](#)
- [Lundur](#)
- [Meðalfellisströnd](#)
- [Bjarnesjar](#)
- [Breiðafjörður](#)
- [Steingrímsfjörður](#)
- [Reykjanes](#)
- [Engøy](#)

Mynd 8: Skjáskot af API-vörðuninni

## 5. Framvinda sagnfræðirannsókna 2023

*Sverrir Jakobsson*

Eini sagnfræðiþáttur verkefnisins sem var að mestu leyti órannsakaður á fjórða ári sneri að býlinu á Staðarhóli á fyrstu öldum búskapar. Síðla árs 2022 var auglýst eftir meistaranema til að vinna einstaklingsverkefni (10 einingar) sem snerist um þetta. Í sagnfræði eru einstaklingsverkefni á meistaraþingi svipuð að umfangi og BA-ritgerð. Stefán Bogi Sveinsson ráðinn til að vinna verkefnið árið 2023 en vegna óviðráðanlegra aðstæðna færðist meginhluti vinnu hans yfir á árið 2024 og er áætlað að hann ljúki verkinu á vormisseri 2024. Viðfangsefni Stefáns Boga snýr að bæ og kirkju á Staðarhóli 1000-1300 og má líta á rannsóknina sem eins konar formála að hinni rækilegu athugun Emils Gunnlaugssonar á búskap á Staðarhóli eftir 1300 (sjá tengil á ritgerð aftast í skýrslu). Nánari lýsing á verkefninu er eftirfarandi:

*Bær og kirkja á Staðarhóli 1000-1300*

Samkvæmt Sturlubók Landnámu var Staðarhóll ekki landnámsjörð heldur byggði Sturla Þjóðreksson bæinn í kringum 1000. Sturla var forfaðir Sturlunga og kemur einnig við sögu í Eyrbyggju. Veldi bæjarins í Staðarhóli virðist hafa farið vaxandi á dögum Þorgils Oddasonar (um 1080-1151) en hann var af ætt Reykhólamanna. Ýmis konar hlunnindi virðast hafa nýst Staðarhólmönnum til frama, t.d. sölvafjaran í Saurbæ. Markmið verkefnisins er að kortleggja og skýra veldi Staðarhólsmanna frá dögum Sturlu Þjóðrekssonar fram að sættargerðinni í Ögvaldsnesi 1297, þegar kirkjan fékk forræði yfir stöðum. Hvenær varð Staðarhóll staður og hvernig var rekstri hans háttað? Hvernig var sambandi Staðarhóls háttað við aðrar jarðir í Saurbæ og af hverju fylgdu sex jarðir í Saurbæ Staðarhóli árið 1241?

Sverrir Jakobsson er leiðbeinandi Stefáns og þeir Benedikt Eyþórsson í forsvari fyrir þessum hluta innan Staðarhólsverkefnisins.

Sverrir Jakobsson er einnig ritstjóri bókarinnar sem ráðgert er að gefa út um Staðarhólsrannsóknir og hefur því á árinu sinnt ýmsum þeim verkum sem snúa að ritstjórn og mótun bókar, t.d. samskiptum við útgefanda og fleira.

## 6. Framvinda bókmenntafræðirannsókna 2023

*Þórdís Edda Jóhannesdóttir, Úlfar Bragason og Ármann Jakobsson*

Í bókmenntahluta Staðarhólsverkefnis voru þrjú þættir í brennidepli: ein MA-ritgerð, Resensbók og fyrirhuguð bók um Staðarhól. Á styrkárinu lauk MA-nemi verkefnisins Freyja Elizabeth Petersen meistaraprófsritgerð í íslenskum bókmenntum undir handleiðslu Ármanns Jakobssonar. Ritgerðin heitir *Sturlung the Pot: Investigating Sturla Þórðarson's Contributions to Sturlunga saga* og þar fer Freyja rækilega yfir samsetningu Sturlungu og hvernig hlutverki höfunda, sagnaritara og ritstjóra var háttað á miðöldum í ljósi Sturlungu. Sjónum er einnig beint að þeim möguleika að Sturla Þórðarson hafi átt meiri þátt í Sturlungusafninu en almennt er talið. Með samanburði á stíleinkennum einstakra sagna var niðurstaðan þó sú að Sturla hafi ekki samið fleiri sögur en Íslendinga sögu. Ritgerðin er aðgengileg á Skemmunni, sjá hlekki aftast í skýrslu.

Áfram var haldið með úrvinnslu og undirbúning fræðilegrar útgáfu á svo nefndri Resensbók eða Alfræði Sturlu Þórðarsonar. Fyrir árið var ráðinn aðstoðarmaður til að fara yfir uppskriftir allra texta Resensbókar og bera saman við handritin sem textarnir koma úr. Bjarni Gunnar Ásgeirsson, doktorsnemi, var ráðinn til verksins og hefur lokið því að mestu. Mest vinna var við svo nefndan Resensannál sem er lengsti þáttur bókarinnar og bætti Bjarni einnig við hann fjölda lesbrigða úr öðrum handritum. Að öðru leyti fólst vinna við Resensbók í skýringum við textann en ekki síst að rannsaka þá efnisþætti sem vitað er að voru í bókinni en óvíst er hvort hafi varðveist í uppskriftum. Ýmislegt kom upp úr krafsinu í samanburði við önnur alfræðihandrit og þó að ekki sé hægt að slá neinu föstu eru góðar líkur á að giska megi á hvað hafi verið í þessum textum og benda á sambærilega efnisþætti sem hafa varðveist í öðrum handritum.

Í bókmenntahluta Staðarhólsverkefnis hefur einnig verið unnið að undirbúningi á skrifum fyrir fræðilega bók verkefnisins í heild. Ármann Jakobsson, Úlfar Bragason og Þórdís Edda Jóhannesdóttir deila með sér verkum og munu rita kafla í bókinni sem fjallar um bókmenntastarfsemi tengda Staðarhóli frá upphafi sagnaritunar og fram á sautjándu öld. Verður sjónum því ekki aðeins beint að frægasta höfundi Staðarhóls, Sturlu Þórðarsyni, heldur bókmenntum fyrir hans tíma og þeirri menningarstarfsemi sem tengist Staðarhóli á síðari öldum. Má þar sem dæmi nefna Staðarhóls-Pál, Pál Jónsson (d. 1589), sem var bæði skáld og lögfróður og átti trúlega mikilvæg handrit sem kennd eru við Staðarhól. Vinna við þennan kafla er hafin og stefnt að fyrsta uppkasti á vordögum 2024.

## 7. Samantekt um helsta ávinning ársins og næstu skref

Góður gangur var í Staðarhólsrannsóknnum á fjórða ári rannsókna og var framvinna verksins í takt við áætlanir. Áður en rannsóknarárinu lýkur (í apríl 2024) er gert ráð fyrir að öllum helstu markmiðum ársins verði náð. Öllum útistandandi rannsóknnum er lokið, ef frá er talið einstaklingsverkefni í sagnfræði sem stefnt er á að ljúki í vor. Enn er eftir ársvinna við að ganga frá útgáfuhæfu handriti að Resensbók og stórir verkþættir í ritun fræðibókar. Vinna innan verkefnisins er nú að færast alfarið yfir á bókaskrif og er áætlað að síðustu vikur 4. rannsóknarárs og stærstur hluti 5. árs verði tileinkað ritun bókarinnar.

Á árinu voru haldnir fjölmargir fundir innan verkefnisins á árinu, bæði innan smærri hópa og með rannsóknarhópnum öllum og er reiknað með að á lokaári verkefnisins verði sú samvinna enn meiri en áður í tengslum við bókaútgáfu.

Meðlimir Staðarhólsrannsókna voru duglegir að miðla rannsóknnum sínum á árinu. Í stað þess að vera með kynningu á Hugvísindapingi vorið 2024 var ákveðið að kynna verkið annars vegar á meðal fræðimanna á opnum degi í nóvember og fyrir heimamönnum með fyrirlestri og sögugöngu heim að Staðarhóli á Sturluhátíð. Að auki hefur hópurinn haldið úti facebook síðu þar sem helstu tíðindi og útgáfur hafa verið kynntar og gerðar aðgengilegar. Að samanlögðu hefur kynning á rannsóknunum verið umtalsverð og meiri en gert var ráð fyrir í umsókn.

Nokkur tímamót verða í rannsóknnum á Staðarhóli við lok 4. árs. Á fimmta og síðasta ári verkefnisins er gert ráð fyrir að leggja megináherslu á frekari útgáfu og miðlun rannsókna. Gert er ráð fyrir að vinnan á fimmta ári skiptist í fjóra þætti.

### 1. Útgáfa Resensbókar

Reiknað er með að halda áfram undirbúningi að útgáfu Resensbókar. Á lokaári rannsókna stefnt að því undirbúa handritið fyrir útgáfu, vinna að uppsetningu og lokafrágangi að handriti þannig að í lok verkefnisins verði Resensbók tilbúin til útgáfu, en útgáfustyrkur verður sóttur annað.

### 2. Ritun bókarinnar *Staðarhóll: Cultural Pursuits on an Icelandic Pre-Modern Manor*

Á fimmta ári RÍM rannsókna er stefnt að því að ljúka ritun vandaðrar fræðiútgáfu um Staðarhólsrannsóknir á ensku fyrir ritröðina *The Medieval Countryside hjá Brepols*.

Í bókinni verður fjallað um manninn Sturlu Þórðarson, bústað hans á Staðarhóli og í Fagurey og nærumhverfi og forsendur fyrir rekstri staðarins og ritmenningar á svæðinu og

síðast en ekki síst um sum af þeim ritum sem Sturla er talinn hafa samið. Gert er ráð fyrir að handrit að bókinni liggi fyrir í lok fimmta árs.

### **3. Frekari kynning á niðurstöðum**

Ráðgert er að niðurstöður Staðarhólsrannsókna verði kynntar á Hugvísindafingi 2025 þar sem stór málstofa verður tileinkuð rannsóknunum með fjölbreyttum erindum um rannsóknir síðustu ára. Við verklök á fimmta ári er einnig gert ráð fyrir að rituð verði þverfagleg grein sem birtast myndi í alþjóðlegu ritrýndu tímariti. Einnig er gert ráð fyrir allsherjar kynningu heima í héraði á heildarniðurstöðum rannsókna og helstu afurðum þeirra.



## Listi yfir þátttakendur

**Staðarhólsverkefnið er samstarfsverkefni eftirfarandi stofnana:**

Fornleifastofnunar Íslands ses

Háskóla Íslands

Árnastofnun

Þjóðskjalasafns Íslands

**Helstu þátttakendur eru:**

Ármann Jakobsson prófessor í íslenskum bókmenntum við HÍ

Benedikt Eypórsson fagstjóri á Þjóðskjalasafni

Birna Lárusdóttir sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands og doktorsnemi í landfræði við HÍ.

Egill Erlendsson prófessor í líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands

Elín Ósk Hreiðarsdóttir sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands (verkefnisstjóri)

Emil Gunnlaugsson MA nemi í sagnfræði við HÍ

Emily Lethbridge rannsóknardósent hjá Árnastofnun

Freyja Petersen MA nemi í Viking and Medieval Norse Studies

Garðar Guðmundsson sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands

Gylfi Björn Helgason sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands

Guðrún Alda Gísladóttir sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands

Gunnar Páll Ægisson BA nemi í landfræði við HÍ

Kristborg Þórsdóttir sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands

Sandra Gunnarsdóttir BA nemi í sagnfræði við HÍ

Stefán Bogi Sveinsson MA nemi í sagnfræði við HÍ

Sverrir Jakobsson prófessor í sagnfræði við HÍ

Úlfar Bragason prof. emeritus við Árnastofnun

Þorsteinn Björnsson MA nemi í íslenskum bókmenntum við HÍ

Þórdís Edda Jóhannesdóttir fræðimaður, Phd í íslenskum bókmenntum

Zachary Melton fræðimaður, nýdoktor í almennri bókmenntafræði við Árnastofnun.

## Listi yfir útgáfu í tengslum við verkefnið

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir. 2024 (væntanlegt). „Eyjarannsókn á Breiðafirði: Fornleifaskráning og landsháttagreining í Fagurey“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2024/112. árg.*

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2023. *Fornleifar í Fagurey*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS928-20177.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2022. *Staðarhöll í Dölum, höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun: Samantekt um framvindu annars rannsóknarárs*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS873-21173.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2022. *Menningarminjar á Staðarhölli og í Staðarhölsdal*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS861-21174.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2021. *Staðarhöll í Dölum, höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun: Samantekt um framvindu fyrsta rannsóknarárs*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS833-20171.

Emil Gunnlaugsson. 2022. *Staðarhölskirkja 1200-1700: Auður, tekjur og búskapur*. M.A. ritgerð í sagnfræði, Hugvísindasvið. Háskóli Íslands. Ritgerð Emils er aðgengileg á Skemmunni í gegnum eftirfarandi hlekk: <http://hdl.handle.net/1946/40348>

Freyja Elizabeth Petersen. 2023. *Sturlung the Pot Investigating Sturla Þórðarson's Contributions to Sturlunga saga*. M.A. ritgerð í Viking and Medieval Norse Studies. Ritgerð Freyju er aðgengileg á Skemmunni í gegnum eftirfarandi hlekk: <https://skemman.is/handle/1946/43866>

Gavin Lucas (ritstj.). 2023. *Fornleifarannsóknir á Staðarhölli í Dölum 2022/ Archaeological Investigations at Staðarhöll in Dalir 2022*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr FS927-20176.

Guðrún Alda Gísladóttir og Gylfi Helgason. 2022. *Staðarhöll í Dölum: Fornleifarannsókn 2021*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS854-20172.

Gunnar Páll Ævarsson. 2022. *Náttúra og mannvist: Eðli og ástæður umhverfisbreytinga við Staðarhöll í Dalarsýslu frá byrjun 2. aldar f. Kr. til loka 17. aldar e. Kr.* BS ritgerð í landfræði, Líf- og umhverfisvísindasvið. Ritgerð Gunnars er aðgengileg á Skemmunni í gegnum eftirfarandi hlekk: <http://hdl.handle.net/1946/40423>

Sandra Gunnarsdóttir. 2022. *Þjóðleidir í Dölum: Ferðalög Dalamanna á 12. og 13. öld*. B.A. ritgerð í sagnfræði, Hugvísindasvið. Háskóli Íslands. Ritgerð Söndru er aðgengileg á Skemmunni í gegnum eftirfarandi hlekk: <http://hdl.handle.net/1946/38293>

Úlfar Bragason. 2021. *Reykholt Revisited: Representing Snorri in Sturla Þórðarson's Íslendingasaga*. Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þorsteinn Björnsson. 2022. *Með augum Sturlu. Viðhorf Sturlu Þórðarsonar til manna og málefna í Íslendingakjöflum Hákonar sögu Hákonarsonar*. M.A. ritgerð í íslenskum bókmenntum, Hugvísindasvið. Háskóli Íslands. Ritgerð Þorsteins er aðgengileg á Skemmunni í gegnum eftirfarandi hlekk: <http://hdl.handle.net/1946/42765>